

Priðjudaginn 29. mars 1983.

Nr. 64/1981. **Sauðárkrókskaupstaður**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Ólafi Lárussyni, eiganda Skarðs,

og Skarðshreppi

og gagnsök

(Sigurður Ólason hrl.).

Landamerkjamáll. Stjórnsýslumörk. Ómerking og máli að hluta vís-
að frá héraðsdómi. Málskosnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. febrúar 1981. Á hendur gagnáfrýjandanum Ólafi gerir hann þessar dómkröfur: Aðallega, að landamerkjum milli Sauðárkróks og Skarðs ráði Gönguskarðsá eftir línu, sem dregin sé frá punkti A' um punktana R og S til punktsins T á uppdrætti Skúla Jóhannessonar verkfræðings á héraðsdómshjalli nr. 68, en sá uppdráttur er gerður eftir loftljósmynd, sem tekin var af Landmælingum Íslands 2. september 1978. Til vara, að merkjum ráði sama lína eftir Gönguskarðsá með upphafi í punkti A' að punkti Y á uppdrætti Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings, dags. 26. febrúar 1983, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt sem nýtt skjal, en þaðan ráði merkjum til sjávar bein lína að punkti Z í sjávarmáli á sama uppdrætti.

Gagnvart gagnáfrýjanda Skarðshreppi krefst aðaláfrýjandi þess, að sömu mörk og greinir í kröfugerð hans um landamerki milli Sauðárkróks og Skarðs verði ákveðin sem sveitarstjórnarmörk milli kaupstaðarins og Skarðshrepps.

Aðaláfrýjandi krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja gagnáfrýjenda.

Gagnáfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 17. mars 1981. Þeir krefjast þess aðallega, að landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar svo og sveitarstjórnarmörk milli Skarðshrepps og kaup-

staðarins verði ákveðin frá punkti A' um punkta B og B' að punkti C í sjávarmáli, svo sem lína þessi er mörkuð á uppdrátt Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings, er gerður var að tilhlutun landamerkjadómsins og auðkenndur var sem héraðsdómskjal nr. 80. Til vara krefjast gagnáfrýjendur þess, að „merkjalínunni frá A' til sjávar verði hnikað norður á við eftir álitum Hæstaréttar“. Þá krefjast gagnáfrýjendur og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Í bréfi Sigurjóns Rist vatnamælingamanns til lögmanns aðaláfrýjanda, dags. 2. mars 1983, segir svo:

„Loftmyndir af neðsta hluta Gönguskarðsár ásamt afriti af vottorði G. Sig. Saudárkróki hefur þú komið með á skrifstofu Vatnamælinga og beðið mig um einskonar álitsgjörð um, hvar megin stofn Gönguskarðsár falli eða hafi fallið.

Myndirnar eru frá 17. sept. '45 og 2. sept '78, þau ártöl eru skráð á bak myndanna.

Svar mitt.

Athuga ber, að iðulega er þjálfa og veldur síður misskilningi að tala um hægri og vinstri bakka í stað átta, skal það því gjört hér. Straumstefna ræður, hver er hægri og vinstri bakki. Hægri bakki er Saudárkróksmegin, en vinstri bakki er Tindastólsmegin.

Ég geri eldri myndina að umræðuefni. Neðan við þrengslin er delta. Klapparhlass er í „Þrengslahorninu“ hægra megin. Ofan við Klapparhlassið er skápur, sem grafist hefur inn í hægri bakkann. Afleiðingin verður því sú, að „Þrengslahornið“ beinir ánni allharkalega til vinstri. Vinstri bakkinn er því ytri bakkinn í bugðunni neðan „Þrengslahornsins“. Mátturinn til að grafa er meiri í ytri hliðinni en þeirri innri. Þess vegna má ætla, að megin rennslistofninn verði vinstra megin. Eins og raunar myndin sýnir. Nokkru neðan við „Þrengslahornið“ er mikill skápur inn í melinn — allt ber að sama brunni.

Ég hef ekkert að athuga við vottorð Gísla Sigurðssonar. Þetta er hinn sami Gíslí Sigurðsson, sem mældi (las á vatns'hæðarmæli tvisvar í viku) Gönguskarðsá fyrir raforkumálastjóra í nokkur ár, áður en hún var virkjuð 1949. Hann aðstoðaði mig einnig við

straummælingar þarna úti á eyrunum neðan við „Þrengslahornið“. Hann var ákveðinn, honum mátti treysta. Hann gjörþekkti ána.

Sjavaraldan (innalda) hefur hlaðið upp malarkamb á ströndinni, eins og Gísli talar um í vottorðinu“.

Í bréfi, er gagnáfrýjandinn Ólafur ritaði bæjarstjórn Sauðárkróks 18. maí 1948 vegna breytinga, sem þá höfðu nýlega verið gerðar á farvegi Gönguskarðsár, svo sem frá er greint í hinum áfrýjaða dómi, segir svo:

„Þar sem Sauðárkróksbær hefir án minnar vitundar breitt farvegi Gönguskarðsár þannig, að áin hefur tekið trjáreka og annan reka, er jeg átti samandregið, rjett við melhornið norðan árinna, landbrot er þegar orðið nokkuð úr melhorninu og hætt við, að það ágerist í flóðum og framburður verði því meiri en áður. Jeg vil því hjermeð gera þá kröfu til Sauðárkróksbæjar I., að jeg fái greiddar kr. 800,00 fyrir reka þann, sem áin bar burtu um s. l. helgi, og 2. Sauðárkróksbær færi Gönguskarðsá það mikið frá melhorninu, að reki geti stöðvast þar líkt og áður var og að nægilegt athafnasvæði verði þar til björgunar og geymslu rekans“.

Gagnáfrýjendur hafa lagt fyrir Hæstarétt uppdrátt Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings, gerðan í janúar 1981. Hefur verkfræðingurinn markað á uppdráttinum auk dómlínu landamerkjadóms tvær línur frá punktinum A¹ til sjávar í punktana X¹ og X². Er önnur þeirra bein, en hin brotnar í punktinum H á dómlínu landamerkjadóms. Uppdrættinum fylgja enn fremur eftirfarandi skýringar:

„Hagsmunasvæðið er alls um 115.400 m² og afmarkast af hornunum A¹,R,S,T,X,C,B¹ og B.

Tekið er land undir ána og varnargarð við hana. Árbotninn þarf að vera 15—20 m breiður og garðurinn um 15—20 m í botninn eftir hæð og gerð. Heildarbreidd lands, sem fer undir ána og garðinn, reiknast 25 m. Lengd árinna frá A¹ til sjávar er 220 m. Flatarmál þess lands, sem fer undir ána og varnargarðinn, er því 220 × 35 = 7.700 m².

Þegar hagsmunasvæðið hefur verið skert um það land, sem fer undir á og varnargarð, er fundin lína, sem skiptir því, sem eftir er, til helminga.

Er notuð er heil lína úr A¹, þarf X að færast sunnar um 66 m, sbr. X¹ á kortinu.

Ef notuð er brotin lína úr A' til sjávar, má t. d. hafa brotið H miðja vegu milli A' og X, þ. e. í 240 m fjarlægð frá A'. Í þessu tilfeli þarf X að færast sunnar um 132 m, sbr. X² á kortinu“.

Til þess mun ætlast, að uppdrátt þennan og þær skýringar, sem honum fylgja, hafi Hæstiréttur til hliðsjónar, ef hann fellst á vara-kröfu gagnáfrýjenda.

II.

Það virðist ágreiningslaust fyrir Hæstarétti, að mörk milli sveitarfélaganna Skarðshrepps og Sauðárkróks fari eftir löglegum landamerkjum Skarðs og Sauðárkróks á því svæði, sem hér er um að tefla. Verður að skilja dómkröfur gagnáfrýjanda Skarðshrepps, er ekki hefur uppi fyrir Hæstarétti þá varakröfu, sem hann gerði fyrir landamerkjadómi, á þann veg, að hann taki undir dómkröfur gagnáfrýjanda Ólafs um landamerki og veiti honum stuðning í málinu, en geri ekki lengur sérstakar kröfur um stjórnarsýslumörk milli sveitarfélaganna. Bar slíkan ágreining eigi heldur sjálfstætt undir landamerkjadóm. Verður því að ómerkja ákvæði hins áfrýjanda dóms um sveitarstjórnarmörk milli Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðshrepps og vísa málinu frá landamerkjadóminum að því leyti, en rétt er, að málskostnaður í þeim þætti málsins falli niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

III.

Landamerkjaskrár Skarðs og Sauðár ber saman um það, að Gönguskarðsá ráði merkjum á þrætusvæðinu. Verður það lagt til grundvallar í málinu. Sönnunarbyrði fyrir því, að áin renni nú í öðrum farvegi en hún gerði á þeim tíma, er landamerkjaskrárnar voru ritaðar, hvílir á gagnáfrýjendum.

Lofmynd sú frá árinu 1945, sem greint er frá í héraðsdómi, sýnir Gönguskarðsá í svipuðum farvegi og hún enn rennur í allt framundir flæðarmál. Á loftmyndinni sést að vísu einnig annar áll á eyrunum nokkru sunnar. Áll þessi virðist þó til muna minni en nyrðri állinn. Vitnisburður kunnugra manna bendir til þess, að áin hafi að einhverju leyti flætt úr árvegi sínum í miklum flóðum.

Um vatnshæð í ánni, þegar loftmyndin er tekin, er ekki vitað. Sker hún því ekki ein úr um það, að Gönguskarðsá hafi að staðaldri runnið svo sem myndin sýnir jafnvel á þeim tíma, er hún var tekin.

Þaðan af síður veitir hún örugga vissu um farveg árinna meira en hálfri öld fyrr.

Hin prentaða ljósmynd af Gönguskarðsáreyrum, er aðaláfrýjandi lagði fram í landamerkjadóminum, bendir til þess, að allt meginvatnsmagn Gönguskarðsár hafi um síðustu aldamót runnið til sjávar nyrst á eyrunum í svipuðum farvegi og nú er, a. m. k. allt fram undir sjó. Sunnar á eyrunum sjást á myndinni lænur, sem óvíst er, hvort rennsli hafi verið í. Verður ekki fallist á það álit landamerkjadómsins, að myndin sýni, að rennsli árinna hafi verið svo áþekkt því, sem fram kemur á loftmyndinni frá 1945, að saman veiti gögn þessi nægilega sterkar líkur fyrir því, að áin hafi á árunum 1884—1885 runnið í aðalatriðum eins og loftmyndin sýnir. Styrkir bréf Sigurjóns Rist vatnamælingamanns þessa niðurstöðu.

IV.

Það er ósannað, að á þeim tíma, sem hér getur skipt máli, hafi farvegur Gönguskarðsár verið, þar sem gagnáfrýjendur hafa markað kröfulínu sína (A',B,B'C). Þá verður eigi ráðið af gögnum, svo öruggt sé, að áin hafi breytt farvegi sínum alla leið frá sjó til þess staðar, sem auðkenndur er A' á uppdráttum, frá því að landamerkjaskrárnar voru gerðar, svo sem gagnáfrýjendur halda fram. Hitt er víst, að neðsta hluta farvegar árinna var breytt árið 1948 að tilhlutun aðaláfrýjanda. Er þá sérstakt álitæfni, hvernig áin muni hafa runnið, áður en umrædd breyting var gerð.

Framburður vitnanna Gísla Sigurðssonar, Guðjóns Sigurðssonar og Sigurþórs Hjörleifssonar bendir til þess, að malarkambur hafi verið á ströndinni á þeim slóðum, sem Gönguskarðsá féll fram. Samkvæmt vitnisburðum þessara mann og öðru, sem fram er komið, má ætla, að ofan kambarsins hafi áin sveigt til hægri (suðurs) eftir eyrunum og myndað þar nokkurt lón, en síðan hafi hún brotist út úr lóninu í ósi í gegnum kambinn. Að öðru leyti er óljóst, hvernig staðhættir hafa verið, þar á meðal hversu langt lónið náði til suðurs og hvar ósinn var.

Í varakröfu sinni fyrir Hæstarétti miðar aðaláfrýjandi við það, að breytingin á farvegi Gönguaskarðsár 1948 hafi ekki raskað landamerkjum. Er þá nánar á því byggt, að ós árinna hafi áður verið, þar sem punkturinn Z er markaður á framlagðan uppdrátt,

og hinn breytti farvegur ekki náð lengra upp eftir eyrunum en að punktinum Y á uppdrættinum.

Að því er varðar fyrra atriðið verður að telja líklegra eftir máls-
gögnum, að ósinn hafi verið nokkru sunnar á eyrunum. Sýnist vel
geta staðist, að hann hafi verið á þeim stað, er landamerkjadómur-
inn taldi. Því til viðbótar er á það að líta, að aðaláfrýjandi lét breyta
farvegi árinna á sitt eindæmi og án samþykkis eiganda Skarðs.
Verður hann því að bera halla af vafa, er leika kann á því, hvar
ósinn var áður. Þykir af þessum ástæðum mega fallast á þá niður-
stöðu landamerkjadómsins, að ós Gönguskarðsár fyrir breyting-
una á farvegi árinna hafi verið á þeim stað, sem merktur er með
punktinum X á uppdrætti dómsins.

Um það atriði, hversu langt upp eftir eyrunum farvegi árinna
var breytt árið 1948, er mikil óvissa. Þess er þó að geta, að vitnið
Gísli Sigurðsson vísaði á stóran stein á hægri bakka árinna neðan
núverandi steypustöðvar, er hann gekk á vettvang með dómendum
landamerkjadómsins. Kvað hann ána renna á þeim stað, sem hún
hafi gert, er hann bjó á Bakka, en síðan í Eyrarbæ, á árunum
1920—1932. Vegna kunnugleika þessa vitnis á Gönguskarðsáreyrum
veitir vitnisburður þess líkur fyrir því, að breyting á farveginum,
sem gerð var 1948, hafi a. m. k. ekki náð lengra upp á eyrarnar
en á móts við stein þennan. Vætti Sigurþórs Hjörleifsonar og Guð-
jóns Sigurðssonar standa ekki gegn þeirri niðurstöðu. Þótt vera
megi, að farveginum hafi einungis verið breytt skemmra upp eftir
eyrunum en að umræddum steini, þykir eigi að síður rétt að meta
vafa í því efni aðaláfrýjanda í óhag af sömu ástæðu og greint var
um ós árinna og leggja til grundvallar, að farvegi árinna hafi verið
breytt neðan steinsins til sjávar.

Umrád aðaláfrýjanda yfir því landi hægra megin Gönguskarðsár,
sem fyrir breytinguna hefur verið vinstra megin ár samkvæmt fram-
angreindu, eru ekki til komin með þeim hætti, að til eignarhefðar
leiða.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er rakið, þykir bera að líta
svo á, sbr. 2. tl. 3. gr. laga nr. 15/1923, að Gönguskarðsá, eins
og hún fellur, ráði ekki merkjum milli Skarðs og Sauðárkróks
lengra niður eftir ánni frá punktinum A' en á móts við áður-
greindan stein. Síðan ráði bein lína í punktinn X í fjörumáli, svo

sem hann er markaður á uppdrátt þann, er Jónas Snæbjörnsson verkfræðingur gerði fyrir landamerkjadóminn. Hefur Ragnar Árnason mælingaverkfræðingur að tilhlutan Hæstaréttar markað línu þessa, sem verður dómlína Hæstaréttar, inn á síðastgreindan uppdrátt ásamt kröfulínum málsaðilja. Er dómlína þessi dregin milli punktanna A', M og X á fyrrgreindum uppdrætti Ragnars Árnasonar, hæstaréttardómskjali M. Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Ólafi Lárussyni 25.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sérstaka ákvörðun sveitarstjórnarmarkna milli aðaláfrýjanda, Sauðárkrókskaupstaðar, og gagnáfrýjanda Skarðshrepps á að vera ómerkt, og er málinu að því leyti vísað frá héraðsdómi, en málskostnaður í þeim þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar á Gönguskarðsáreyrum skulu vera eftir miðjum farvegi Gönguskarðsár frá punkti merktum A' að punkti merktum M á uppdrætti Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings, hæstaréttardómskjali M, en úr þeim punkti bein lína til sjávar í punkt merktan X á sama uppdrætti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Ólafi Lárussyni 25.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.


Dómur landamerkjadóms Sauðárkróks og Skagafjarðarsýslu 17. janúar 1981.

Mál þetta var tekið til dóms 13. desember 1980.

I.

Með opnu bréfi hinn 27. maí 1857 var löggiltur verslunarstaður við Sauðárkrók frá 1. janúar 1858.

Með bréfi Einars Stefánssonar umboðsmanns, dags. 10. apríl 1858, var ákveðið, að Einar Jónsson, ábúandi Sauðár, skyldi láta af hendi lóð undir kaupþún á hentugum stað, og var vísað til áðurgerðs samnings.



Saudárkrök, 1. jún 1981

Frumrit þessa uppráttar er gert af Jónasi Snæbjörnssyni verkfr.

Á þetta 2. frumrit, sem gert er eftir ljósriti af hðskj. nr. 80,
er fært eftirfarandi:

1. Stór, stakur steinn eftir uppdrætti Jónasar Snæbjörnss.
2. Línan Y-Z eftir sama
3. Línur A'-X' og H-X² eftir sama
4. Landamerki milli Skarbs og Saudárkrökkaupstaðar á Gónguskarðsúreyrum skv. dómi Hæstaréttar í hæstaréttar-
máli nr. 64/1981

þetta 2. frumrit er gert í mars 1983 af Ragnari Árnasyni verkfr.

Ljósrit dagsettt.....

Í bréfi Ólafs Sigurðssonar til Norður- og Austuramtsins frá 16. mars 1882 er getið ráðagerðar um, að skilja þurfi Sauðárkrók frá jörðinni Sauðá sök- um fjölgunar íbúðarhúsa. Í bréfinu koma fram hugleiðingar og tillögur um, hvar hentugast muni vera að reisa fleiri íbúðarhús, og er staðháttum lýst nokkuð.

Segir þar m. a. svo:

„Hvað nú Sauðárkrók sjer í lagi snertir, þá er hann mest megnis mjór malarkambur undir snarbrattri melbrekku, sem þó er nokkuð farið að nota til jarðeplaráættar. Öll miðjan á króknum er alls óbyggileg fyrir því, að malarkamburinn liggur þar fast með brekkunni, en innantil breikkar hann svo, að þar má hafa tvær húsaraðir. Eins er hann nokkuð breiðari utantil, allt út að Gönguskarðsá, en þar er djúp lægð fyrir ofan kambinn, svo þar getur eigi álitizt byggilegt nema með miklum kostnaði. Nú sýnist mjer, eins og eg gat um upphaflega, að krókurinn frá Sauðárós, og út til Göngu- skarðsár, ásamt melbrekkunni upp að brú, ætti að skyljast fra jörðinni, nema kvað ábúandinn megi ætíð hafa þar fría lending og lóðarblett fyrir sjóbúð og til fiskverkunar“.

Július Havsteen amtmaður samþykkti tillöguna hinn 4. apríl 1882.

Með landshöfðingjabréfi 18. apríl 1883 var staðfest breyting á byggingu Sauðár, en samkvæmt því skyldi „ . . . hinn svonefndi Sauðárkrókur eða strandlengjan frá Sauðárós og allt út til Gönguskarðsár og brekkurnar þar fyrir ofan og allt upp að brún, vera undanskilin byggingu jarðarinnar Sauðár . . .“

Í landamerkjaskrá jarðarinnar Skarðs í Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu frá 17. maí 1884 er merkjum jarðarinnar lýst þannig:

„Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðinni Skarði. Að austan ræður sjávar- ströndin frá Leirdalslæk inn til Gönguskarðsáróss. Þaðan ræður Göngu- skarðsáin, allt þar til Hraksíðuáin fellur í hana. Þaðan ræður Hraksíðuá upp til Þröskuldar. Þaðan yfir Þröskuldinn til upptaka Skarðsdalslækjar, ræður svo tjeður lækur norður til Lambár. Þaðan ræður Lambá til upp- taka. Þaðan beint upp úr Lambárbotni upp á háfjall milli hans og Fagra- nesdals, hvar setja skal hornmerki. Þaðan ræður háfjall suður í suðurhorn Einhyrnings, sem er hornmerki á Innstlands landi. Þaðan yfir drögin og axlarkollinn og svo niður fjallið í landamerkjagard þann, er liggur utanvert við fyrrnefndan Leirdalslæk, sem ræður merkjum til sjávar“.

Landamerkjálýsingin var samþykkt af hálfu Reynisstaðarklaustursjarð- anna Innstlands og Veðramóts með áritun Ólafs Sigurðssonar umboðs- manns og þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki 6. júní 1884.

Í landamerkjaskrá fyrir jörðina Sauðá í Sauðárhreppi frá 25. maí 1885, sem undirrituð er af Ólafi Sigurðssyni umboðsmanni, er merkjum jarðar- innar lýst þannig:

„Landamerkjaskrá fyrir Sauða. Að austan ræður sjávarströndin frá Gönguskarðsárnesi inn í Sauðárkrók. Þaðan austur til þess hornmerki það, er setja skal við sjóinn, ber í Málmeyjarkringluskarð að sjá úr miðri Garðs-endavík, sem er vatnsvirkið upp við Áshildarholt. Þaðan suður í tjeða vik. Þaðan ræður garður, er liggur upp frá víkinni rétt fyrir utan Áshildardys, og síðan sama stefna upp á háfjall. Þaðan suður háfjallið suður í Molduxa-skarð, þar sem vötn á tvo vegu frá renna. Þaðan niður í syðra Húsagil, þaðan í Gönguskarðsá, sem þá ræður merkjum til sjávar. . .“

Þá segir svo í landamerkjaskránni:

„Samkvæmt landshöfðingjabræfi af 18. apríl 1883, er Sauðárkrókur eða strandleggjan frá Sauðárós allt út til Gönguskarðsár og brekkan þar fyrir ofan allt upp að brún, undanskilin byggingu jarðarinnar, en þó er ábúand-anum þar heimil lending og uppsátur“.

Landamerkjaskráin var samþykkt af hálfu jarðarinnar Sjávarborgar með áritum Sigvalda Blöndal og jarðarinnar Áshildarholts með áritun Jóhannesar Ólafssonar og Sigvalda Blöndal og þinglýst á manntalsþingi á Sauðárkróki 26. janúar 1893.

Með bréfi Stjórnarráðsins til sýslmannsins í Skagafjarðarsýslu 19. apríl 1907 var hinum forna Sauðárhreppi í Skagafjarðarsýslu skipt í tvö sveitarfélög þannig, að Sauðárkrókskaupstún með jörðinni Sauða varð hreppur út af fyrir sig og nefndist Sauðárkrókshreppur, en hinn hluti hins forna Sauðárhrepps varð hreppur út af fyrir sig og nefndist Skarðshreppur.

Með lögum nr. 57 frá 24. maí 1947 fékk Sauðárkrókskaupstún kaupstaðarréttindi og varð sérstakt lögsagnarumdæmi, en verslunarlóð kaustaðarins var óbreytt.

II.

Með bréfi, sem Ólafur Lárusson, eigandi og ábúandi Skarðs í Skarðshreppi, ritaði bæjarstórn Sauðárkrókskaupstaðar hinn 12. júní 1973, fór hann þess á leit, að gerð yrðu upp landamerki milli kaupstaðarins og Skarðs á eyrum Gönguskarðsár.

Á fundi bæjarráðs Sauðárkrókskaupstaðar 14. s. m. var samþykkt að verða við tilmælunum.

Á fundi bæjarráðsins 21. s. m. skýrðu fulltrúar kaupstaðarins frá því, sem gerst hafði við vettvangsgöngu, sem fram hafði farið. Samþykki bæjarráðið að gera eiganda Skarðs tilboð um „ . . . að greiða honum ákveðna upphæð, sem um kann að semjast, fyrir hugsanleg réttindi Skarðs á Eyri, þannig að landamerki verði Gönguskarðsá, eins og hún rennur nú“. Í fundargerðinni kemur fram, að eigandi Skarðs hafi tekið sér frest til að hugleiða, hvort hann væri til viðræðu um þessa aðferð við lausn málsins.

Eigi er í ljós leitt, að frekar hafi verið aðhafst í málinu, fyrr en sóknar-

aðili fór þess á leit við sýslumanninn í Skagafjarðarsýslu og bæjarfógetann á Sauðárkróki, að hann kallaði sóknaraðilja og fyrirsvarsmenn kaupstaðarins fyrir sig til þess að fá lausn á ágreiningi, sem risið hefði um landamerki-milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar á eyrum Gönguskarðsár.

Sættir tókust eigi með aðiljum. Hefur ágreiningsmál aðiljanna verið rekið fyrir landamerkjadómi.

Dómkröfur sóknaraðiljans Ólafs Lárussonar, eiganda og ábúanda Skarðs, eru þær, að merki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar verði ákveðin úr punkti A' við Gönguskarðsá í punkt B, þaðan í punkt B' og loks í punkt C á uppdrætti á dskj. nr. 49, sbr. einnig uppdrátt á dskj. nr. 74.

Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðilja.

Undir rekstri málsins gerðist Skarðshreppur meðalgönguaðili í málinu. Í kröfugerð hreppsins er tekið undir kröfur sóknaraðilja, en þess krafist til vara, að hljóti kröfulína sóknaraðilja ekki viðurkenningu sem merki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupsstaðar, þá verði kröfulína sóknaraðilja samt mörk milli Skarðshrepps og Sauðárkrókskaupstaðar, en málskostnaður falli niður.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að merki milli Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðshrepps skuli verða lína frá punkti A um punktana R og S til punktsins T á uppdrætti Skúla Jóhannssonar verkfræðings á dskj. nr. 68 og á loftmynd frá 1978 á dskj. nr. 69.

Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja og meðalgöngu-aðilja.

III.

Í málinu hafa verið lagðir fram uppdrættir og loftmyndir, og verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim helstu:

Uppdráttur Hans Fisak og Hans Jakob von Scheel, sem gerður var 1815 og byggður er á mælingum á árunum 1810, 1811, 1815, gefur til kynna, að Gönguskarðsá hafi haft norðlæga stefnu síðasta spölinn til sjávar og að nes hafi verið sunnan árinna.

Uppdráttur, sem byggður er á mælingum áhafnar „Heimdal“ 1896, sýnir strandlengjuna á þessu svæði og sjávardýpi, en ekki eru sýndar hæðarlínur eða auðkenni á landi önnur en Sauðárkrókskirkja. Af uppdrættinum má ráða, að nes hafi verið þarna á svipuðum stað og á uppdrætti frá 1815.

Á uppdrætti frá Sökort Arkivet í Kaupmannahöfn frá 1912 af Sauðárkrókhöfn er sýnt sjávardýpi fyrir ströndinni á þessu svæði, og einnig er sýndur farvegur Gönguskarðsár, þar sem hún rennur til sjávar. Er þar lón nálægtr miðri eyrinni.

Á uppdrætti Sigurðar Thoroddsen yngra frá því í janúar 1929 er sýnd

strandlengjan á þessu svæði, Sauðá, Sauðárkrókskaupþún og Gönguskarðsá. Er Gönguskarðsá sýnd renna þar til sjávar norðarntvert í nesi.

Á uppdrætti Jóns Viðis frá 1934 kemur fram, að áin rennur um 350 m frá sjávarmáli í tveim kvíslum, sem sameinast um 150 m frá sjávarmáli, og sveigir áin lítið eitt til suðurs, er hún rennur til sjávar. Þá er sýnt lón sunnan við árósin.

Þá hefur verið lagður fram í málinu uppdráttur danska herforingjaráðsins frá árinu 1920 og leiðréttar útgáfur frá árunum 1934 og 1976.

Á loftmynd, sem tekin var 17. sept. 1945, kemur fram, að áin rennur í einum farvegi nokkurn spöl, eftir að þengslunum sleppir ofan við eyrina, en hefur síðan runnið í tveim meginfarvegum, sem þó hafa kvíslast nokkuð, en þessir tveir farvegir og kvíslar hafa svo runnið í lón ofan við sjávarkambinn nyrðra hluta eyrarinnar. Úr lóninu er svo einn ós.

Á loftmynd, sem tekin var 16. október 1958, kemur fram, að áin hefur fallið í einum farvegi frá þengslunum ofan við eyrina til sjávar, en lón hefur verið til norðurs. Þá sést, að á syðsta hluta eyrarinnar hafa á þessum tíma þegar verið reistar fisktrönur og vörugeymsluhús ofar á eyrinni.

Á loftmynd, sem tekin var 9. september 1966, kemur fram, að áin hefur runnið í einum farvegi mjög svipað því sem hún rann, er loftmyndin 1958 var tekin, en nú hefur myndast lón í suðurátt ofan við sjávarkambinn til suðurs, en ósinn er á svipuðum stað og áður.

Á loftmynd, sem tekin var 13. júlí 1974, kemur fram, að áin hefur þá runnið í einum farvegi sem fyrr, en nú er ósinn nyrst á eyrinni, og lón er ofan við sjávarkambinn til suðurs.

Á loftmynd, sem var tekin 2. september 1978, virðast aðstæður vera eins og þær eru nú. Áin felur skv. myndinni í einum farvegi, og er ósinn nyrst á eyrinni, en breiðari en á síðustu loftmynd, ekkert lón er þá við ósinn.

Nokkur vitni hafa komið fyrir dóm í máli þessu, og er vætti þeirra greint hér á eftir.

Sigurþór Hjörleifsson, sem býr í Messuholti í Skarðshreppi og er varaoddviti hreppsins, hefur skýrt svo frá, að vorið 1948 hafi hafnarnefndin á Sauðárkróki komið að máli við sig og hafi Kristófer Eggertsson aðallega verið þar í fyrirsvari. Hafi hafnarnefndin beðið sig um að breyta farvegi Gönguskarðsár á eyrunum norðan hafnarinnar, en þá hafi áin runnið um eyrarnar sunnanverðar og í lón, sem hafi verið meðfram sjávarkambinum og hafi norðurendi lónsins verið um miðjar eyrarnar, en suðurendi þess skammt sunnan við Nafarhornið, þar sem vegurinn liggur nú að minnkabúinu. Hafi ós árinna úr lóninu verið undan Nafarhorninu norðanverðu. Hafnarnefndin hafi talið vera hættu á því, að áin bryti sér farveg suður úr lóninu og inn í Sauðárkrókshöfn. Dagana 10.—15. maí 1948 hafi hann svo unnið með jarðýtu við að grafa ánni nýjan farveg nyrst á eyrinni með

stefnu úr sjávarkambi sunnan við Skarðskrók meðfram Nafarhorninu norðan eyrarinnar og beina stefnu í farveg árinna við Klapparhornið ofan við eyrarnar. Laugardaginn 15. maí hafi hann hleypt ánni í nýja farveginn. Næstu daga hafi verið mikið hlýviðri og áin í vexti og hafi hún þá grafið farveginn, svo að eigi hafi þurft frekari aðgerðir. Frá því þetta gerðist, hafi áin lítið breytt sér að öðru leyti en því, að farvegurinn sé nú sunnar, neðst á eyrinni.

Sigurður Nordal Jóhannsson, framkvæmdastjóri Steypustöðvar Skagafjarðar h/f, kveður fyrirtækið hafa látið taka efni til steypugerðar við ösa Gönguskarðsár og sé efnismagnið allmikið. Byrjað hafi verið á þessu vorið 1978 og hafi efnið síðan verið tekið allt til þessa beggja vegna árinna. Ólafi Lárussyni á Skarði hafi verið greitt fyrir þessa efnistöku. Ólafur hafi talið sig eiga landið, þar sem efnið var tekið. Hafi ekki verið leitað eftir leyfi Sauðárkrókskaupstaðar til töku efnisins, enda hafi ekki verið vitað um ágreining um þetta landsvæði.

Jóhann Guðjónsson, byggingafulltrúi Sauðárkrókskaupstaðar, kveður um það hafa verið rætt, að byggingarleyfi var veitt steypustöðinni, að Skarð kynni að eiga land það, sem steypustöðinni var ætlað að standa á. Ekki hafi þó verið leitað til eiganda Skarðs og ekki hafi honum verið tilkynnt um þessa ráðstöfun. Jóhann kveður deiliskipulag á eyrinni ekki fullgert. Þá kveðst hann hafa mótmælt við þáverandi bæjarstjóra, Hákon Torfason, að efni væri tekið úr landinu sunnan Gönguskarðsár neðan Eyrarhorns, af því að hann hafi talið það vera byggingaland. Hafi hann lítið svo á, að bærinn ætti þetta land. Hann kveðst hafa heyrt orðað, að sóknaraðili hafi fengið greitt fyrir efni, en hann hafi ekki heyrt, hvaðan það efni hafi átt að vera tekið.

Guðjón Sigurðsson, fyrrverandi forseti bæjarstjórnar Sauðárkróks, sem einnig átti sæti í hafnarnefnd, kveðst telja víst, að Sigurbór Hjörleifsson hafi breytt farvegi Gönguskarðsár eftir ósk hafnarnefndar og bæjarstjórnar, og muni hann eftir framkvæmdum þessum. Hann telur Sigurbór eigi lýsa aðstæðum rétt. Þannig hafi hagað til, að meðfram sjónum þarna hafi verið allþykkur malarkambur. Áður en ánni var breytt, hafi hún runnið verulega sunnar en nú og hafi hún breytt stefnu til suðausturs, er hún kom að malarkambinum, og svo brotið sér farveg gegnum malarkambinn nokkru sunnar. Hafi ákvörðun um að breyta farvegi árinna stafað af ótta við framburð frá ánni, sem síðan ætti greiða leið inn á hafnarvæðið.

Torfi Ólafsson, sonur sóknaraðilja, hefur skýrt svo frá, að efni það, sem tekið var í fyrirstöðugarða við Sauðárkrókshöfn 1968, hafi verið tekið neðan Eyrarhorns á svæði, sem sé um 1/3 hluti svæðisins næst sjó, og viti hann ekki annað en að fyrir það hafi faðir sinn fengið greiðslu. Árið 1970 hafi verið tekið viðbótarmagn og hafi það verið tekið ofan Eyrarhorns aust-

an Gönguskarðsárbrúar og hafi enginn ágreiningur verið um þá efnistöku.

Hjónin Jóhanna Sölvadóttir, fædd 7. nóvember 1901, sem fluttist í svo-nefndan Eyrarbæ 1919, og Gísli Sigurðsson, fæddur 5. mars 1896, sem fluttist til Sauðárkróks 1920, hófu búskap í Eyrarbænum 1924 og bjuggu þar til ársins 1932. Kveðast þau muna nákvæmlega, hvernig Gönguskarðsá hagaði sér og hvernig rennsli hennar var háttað á þeim tíma, sem þau bjuggu í Eyrarbæ. Bærinn hafi staðið eiginlega þar, sem fiskvinnsluhús Kaupfélags Skagfirðinga stendur nú. Eftir að áin rann fyrir hornið fyrir ofan eyrarnar, hafi meginstraumur hennar fallið með brekkunum í norð-austurátt. Þegar áin nálgadist Nafarhornið, hafi hún mætt malarkambinum á sjávarbakkanum meðfram ströndinni. Hafi hún þá beygt skyndilega til austurs og runnið út í gegnum malarkambinn allt að 100 m frá brekkunni, þannig að þar hafi myndast tangi, sem alltaf hafi verið þar að norðan-verðu, þ. e. Skarðsmegin. Þó hafi verið dálítið mismunandi, hvar áin hafi brotist út um garðinn, og hafi það farið nokkuð eftir vatnsmagninu. Stundum hafi jakastíflur hlaðist upp innan við garðinn og valdið breytingum. Í stórflóðum hafi áin flutt mikið fram af auri og grjóti. Þá hafi gjarna getað myndast aukakvíslar, sem stundum hafi runnið í ána aftur eða brotið sér farbeg austar. Yfirleitt hafi kvíslarnar sameinast rétt við ármynnið og áin runnið til sjávar í einum farvegi. Litill eða enginn reki hafi verið þarna á eyrinni, en ef eitthvað hafi verið, þá hafi það helst verið á tanganum fyrir norðan. Þá kveðast þau muna eftir öldubrjót, sem horfið hafi í Hala-veðrinu (1925), og hafi hann staðið nokkru austar en Eyrarbærinn. Þau kveða lón hafa verið rétt við Eyrarbæinn úti við sjóinn. Hafi það verið fremur lítið um sig, en nokkuð djúpt, og hafi þar gætt flóðs og fjöru. Þykir þeim líklegt, að áin hafi einhvern tíma myndað það.

Hallgrímur Þór Ingólfsson, tæknifræðingur Sauðárkrókskaupstaðar, hefur skýrt svo frá, að frá því er hann hóf starf hjá kaupstaðnum á árinu 1974, hafi byggingarefni yfirleitt verið tekið ofan við hornið, þar sem Gönguskarðsá fellur fram á eyrarnar. Hafi aldrei verið ágreiningur um, að land það, sem efnið var tekið úr, tilheyrði Skarði. Hafi sóknaraðilja verið greitt fyrir þá efnistöku. Efni þetta hafi verið notað til uppfyllingar í fyrirstöðugarða við hafnargerðina. Hafi ekkert af efni til þessara nota verið tekið neðan hornsins, þ. e. af Eyrinum.

Krafa sóknaraðilja er byggð á því, að með samanburði á landamerkjaskrár fyrir Skarð og Sauða komi fram, að Sauða hafi aðeins átt land norður að Gönguskarðsárnesi. Þar hafi árosinn verið árið 1885, en þar sé nú kominn hafnargarður. Sé ljóst af landamerkjaskránum, að þá hafi áin runnið meðfram Nöfunum og fram í sjó innanvert, sunnan við nesið, sem Sauðárkrókshöfn er væntanlega mynduð við. Sé þessa getið í Sögu Sauðárkróks, bls. 41, en þar segir, að áin hafi „runnið í Sauðárkrókinn“. Sjáist

Þessi farvegur greinilega á loftmyndum frá 1961 og öðrum loftmyndum. Gönguskarðsárnes, sem sé stuttur eyraroddi sunnan árinna, hafi myndast af framburði árinna, sem hljóti að hafa runnið til sjávar á því svæði. Heimildir séu fyrir því, að stórsjóir og stórviðri hafi rutt upp sandi og mól og myndað rif fyrir framan eyrina, svo sem orðið hafi 6. október 1846, sbr. áður tilvitnað rit, bls. 44. Hafi þá um leið myndast lón bak við malar-kambinn og hafi áin þá runnið út í Sauðárkrók, svo sem fram komi á ljósmynd, sem tekin hafi verið um aldamótin og birt sé í framangreindu riti, bls. 96. Af ljósmynd þessari sjáist, hvernig þá hafi verið umhorfs á landsvæði því, sem fjallað er um í málinu. Eftir myndinni að dæma virðist áin hafa rutt sig gegnum rifið og hafi þá myndast tjörn við Nafarhornið, svonefnd Eyrartjörn, sem rosíð fólk muni eftir. Breyting þessi hafi örugglega orðið eftir 1885 og taki landamerkjaskrá Sauðár af öll tvímæli um þetta, sbr. ummælin „brekkann þar fyrir ofan“, þar sem áin hafi runnið meðfram Nöfunum og „út í Sauðárkrókin“. Muni Eyrartjörninn vera leifar hins forna Gönguskarðsáróss. Því er haldið fram, að á varnaraðilja hvíli sönnunarbyrði um, að áin hafi á árunum 1884 og 1885 verið hætt að renna meðfram Nafarhorninu og brekkunum þar fyrir ofan, en það hafi varnaraðilja ekki tekist að sanna. Er því haldið fram, að Gönguskarðsárnes tilheyri með réttu Skarði, þar sem Sauðá hafi aðeins átt land að nesinu, svo sem fram komi í landamerkjaskrá jarðarinnar. Þótt sóknaraðili hafi ekki gert kröfu til alls þess lands, þá sé það allsendis umfram skyldu. Því er haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að nægar heimildir séu fyrir því, að Gönguskarðsáreyrar hafi almennt verið taldar tilheyra Skarði allt fram á þennan dag. Það komi fram í tillögu þeirri, sem bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar hafi samþykkt til að leiða ágreining aðiljanna til lykta, ótvíræð viðurkenningin á því, að núverandi farvegur árinna sé ekki rétt landamerki. Þá sé viðurkennt, enda á almannavitorði, að sóknaraðili hafi selt mól og fyllingarefni af eyrunum. Hafi varnaraðili meðal annarra keypt efni þaðan af sóknaraðilja. Af hálfu varnaraðilja hafi aldrei verið hreyft athugasemdum við þessari efnistöku sóknaraðilja. Einnig hafi flestir þeir, sem reist hafi hús og önnur mannvirki á Gönguskarðsáreyrum, leitað leyfis sóknaraðilja. Þá hafi sóknaraðili ætíð hirt allan reka fyrir Gönguskarðsáreyrum.


Af hálfu sóknaraðilja er því sérstaklega mótmælt, að varnaraðili hafi unnið hefð á landsvæði því, sem deilt er um í þessu máli, milli kröfulína aðilja. Er bent á í því sambandi, að farvegi Gönguskarðsár hafi verið breytt að tilhlutan Sauðárkrókskaupstaðar og sé því þegar af þeirri ástæðu brostinn grundvöllur fyrir hefðarhaldi varnaraðilja.

Af hálfu meðalgönguadilja er tekið undir rökstuðning fyrir kröfu sóknaraðilja. Auk þess er því haldið fram, að þótt svo verði litið á, að sóknaraðili hafi með einhverjum hætti látið hið umdeilda landsvæði ganga undan jörð

sinni, þá bindi það Skarðshrepp að engu leyti og geti ekki breytt hreppamörkum, sem séu eftir sem áður kröfufúlna sóknaraðilja. Hreppamörk þurfi ekki alltaf að fara eftir landamerkjum jarða í hreppnum. Sé ekki um það að ræða, að mörk Skarðshrepps gagnvart Sauðárkrókskaupstað hafi verið breytt.

Kröfur varnaraðilja, Sauðárkrókskaupstaðar, eru byggðar á því, að samkvæmt landamerkjaskrár Skarðs og Sauðár og síðari heimildum sé ljóst, að Gönguskarðsá ráði merkjum milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar. Elsta heimildin um, hvernig áin hafi runnið áður fyrir sé ljósmynd sú, sem tekin hafi verið um síðustu aldamót. Verði eigi annað séð af þeirri mynd en að meginvatnsmagn árinna hafi runnið við brekkurnar að norðanverðu. Ljósmynd, sem tekin hafi verið árið 1937, sé tekin miklu sunnar og sýni Sauðárkróksbæ. Hafi hún enga þýðingu í málinu. Er því haldið fram, að það eigi sér enga stoð, að Gönguskarðsá hafi brotið sér farveg út í sjálfan Sauðárkrók, svo sem haldið sé fram af hálfu sóknaraðilja. Sýni fornar heimildir, að Gönguskarðsá hafi ekki runnið út í Sauðárkrók. Sé og ljóst af umræðum á Alþingi 1847, að Gönguskarðsá sé ekki í neinum tengslum við Sauðárkrók. Þá er því haldið fram, að sóknaraðili dragi rangar ályktanir af orðalaginu „brekkan þar fyrir ofan“ í heimildum um land það, sem lagt var undir Sauðárkrókskaupstún. Með orðalagi þessu sé verið að leggja áherslu á brekkuna fyrir ofan landsvæðið, sem hafi verið skilið undan jörðinni Sauða. Krafa varnaraðilja sé fyllilega í samræmi við þetta orðalag, jafnvel þótt lengra væri að sækja til brekkunnar nyrst við Gönguskarðsárós en fyrir ofan sjálfan Sauðárkrók. Sýni heimildir, að kaupstaðnum hafi verið ætlaður byggingarstaður alla leið að Gönguskarðsá og þá að sjálfsögðu að eyrinni sjálfri. Þetta hljóti eiganda Skarðs og fyrirsvarsmönnum Skarðshrepps að vera ljóst. Hnigi allar heimildir að því, að farvegur Gönguskarðsár neðst hafi verið meðfram brekkunum Skarðsmegin árinna, eins og hann er nú. Landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar og mörk Skarðshrepps séu því um miðjan árfarveginn. Ekki sé til nein regla að íslenskum lögum, sem mæli fyrir um, að merkin færast úr þeim farvegi, þótt áin hafi borið með sér grjót og aur í stórflóðum eftir kvíslum um eyrnarnar sunnan farvegarins. Samkvæmt þessu sé ljóst, að Skarð eigi ekkert þurrlendi sunnan Gönguskarðsár, eins og hún rennur nú og sannað sé, að hún hafi runnið undanfarin 23 ár. Allan þann tíma hafi Sauðárkrókskaupstaður farið með eyrina sem sína eign. Hafi kaupstaðurinn látið gera skipulagsuppdrátt af eyrinni og nú deiliskipulag. Hann hafi um árabíl ráðstafað lóðum á eyrinni undir ýmisleg hús og önnur mannvirki. Hvað sem öðru líður, sé það vafalaust, að Sauðárkrókskaupstaður hafi unnið eignarhefð á eyrinni sunnan núverandi farvegar Gönguskarðsár. Að því er varðar aðild og kröfur meðalgönguáðilja er því haldið fram, að

Ms. 80. Last fram í
Landamerkjaförum land-
dóttis 17. júní 1951.
Jónas Sveinbjörnsson



Umfrá upp af loftjösmynd. M 1:2000
Myndin er tekin á árunum 74-78

Hnitakerfi Sauðárkrúks er fært inn
af karti Færvers hl., tekið 1980.
Hnit á punktlunum A' og X í þessu
kerfi eru:

	X-hnit	Y-hnit
A'	10147	7995
X	10337	8427

Eyrin við Sauðárkrúk
A'B'C... — Krotulína sætjanda
A'R'S'T... — Krotulína varjanda
A'X... — Dömlína

Göngustöðsárís
eins og hann er á
loftjösmynd frá
17. sept. 1945

Sauðárkrúki í jan 1981
Jónas Sveinbjörnsson velti

hreppamörkin nái ekki út fyrir landamerki jarðarinnar Skarðs á svæði því, sem fjallað er um í málinu. Hafi Skarðshreppur hvergi komið við sögu mála á eyrum Gönguskarðsár fyrr en nú með meðalgöngu í máli þessu. Húsbyggjendur á þessu svæði hafi alla tíð greitt fasteignagjöld til Sauðárkrókskaupstaðar. Skarðshreppur hafi aldrei hreyft athugasemdum við skipulagsaðgerðir Sauðárkrókskaupstaðar á svæðinu. Sé því ljóst, að Skarðshreppur eigi engin umráð á þessu svæði. Sé augljóst, að mörk hans þarna falli saman við landamerki Skarðs samkvæmt kröfugerð varnaraðilja.

Álit dómsins.

Leggja ber til grundvallar í máli þessu, að landamerkjaskrárnar fyrir Sauðá frá 1884 og fyrir Skarð frá 1885 séu heimildir um landamerkin milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar. Í landamerkjaskrá Sauðár var hluti af landi jarðarinnar undanskilinn byggingu hennar til notkunar fyrir verslunarlóð kaupþúns þar. Var hér um að ræða nyrsta hluta lands jarðarinnar, sem var meðfram ströðninni og upp frá henni og lá að landi Skarðs. Ekki hefur komið fram, að breyting hafi orðið á stærð landsvæðis þess, sem þarna var langt undir Sauðárkrókskaupþún, er síðan öðladist kaupstaðaréttindi. Verður því lagt til grundvallar í málinu, að landamerki þau, er fram koma í fyrrgreindum landamerkjaskrár þarna milli Sauðár og Skarðs, séu nú landamerki milli Sauðárkrókskaupstaðar og Skarðs.

Af lýsingum landamerkjaskrána er ljóst, að Gönguskarðsá er ætlað að ráða merkjum á eyrunum til sjávar, þótt lýsing merkjanna í landamerkjaskrá Sauðár hefjist á Gönguskarðsárnesi.

Af uppdráttum frá 19. öld, sem lagðir hafa verið fram málinu, verður ekki ráðið með nákvæmni, hvar Gönguskarðsárnes hefur verið. Er rétt, að hér komi fram, að um 500 r. eru til sjávar, þaðan sem áin brýst fram úr þrengslum niður á eyrarnar, og um 450 m eru milli nafanna sunnan og norðan eyranna.

Af ljósmynd, sem lögð hefur verið fram í málinu og ágreiningslaust er, að tekin hefur verið um sl. aldamót, má ráða, að efst á eyrinni hefur áin runnið nærri bakkanum að norðanverðu, en þó líklega nokkru sunnar en hún rennur nú, en síðan hefur hún sveigt lítið eitt til suðurs, auk þess sem kvíslar hafa runnið um eyrina til suðurs. Síðan hefur meginvatnsmagn árinna og kvíslanna runnið í lón frammi við sjávarkambinn og gegnum kambinn til sjávar. Rennsli árinna, eins og það kemur fram á þessari mynd, virðist vera líkt því, sem fram kemur á loftmynd, sem tekin var 17. september 1945. Virðist þá ekki hafa verið raskað rennsli árinna með fyrirhleðslum eða á annan hátt, svo sem síðar varð. Einnig er á það að líta, að síðar var Gönguskarðsá virkjuð, og var orkuverið tekið í notkun

8. desember 1949. Fór þá verulegur hluti af vatnsmagni árinna til virkjunarinnar, en frárennslið frá orkuverinu fellur ekki í ána aftur.

Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið, þykir mega leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að varanlegt rennsli Gönguskarðsár á árunum 1884 og 1885 hafi, eftir því sem næst verður komist, verið svipað því, sem fram kemur á loftmyndinni frá 1945, þótt áin hafi í vatnavöxtum runnið vítt og breitt um eyrnarnar. Af loftmyndum þeim, sem teknar voru síðar, þykir mega ráða, að breytingar hafi orðið á rennsli árinna vegna ýmiss konar mannvirkjagerðar, efnistöku og af öðrum ástæðum og hafi farvegur árinna neðst og ós hennar færst norðar. Verður að telja fram komið, að breyting þessi hafi orðið með þeim hætti, að Sauðárkrókskaupstaður geti ekki byggt á því, að hann hafi unnið eignarhefð á landi því, sem verður norðan við línu þá, sem dregin verður sem landamerki samkvæmt framangreindum sjónarmiðum.

Það er ekkert komið fram um, að mörk Skarðshrepps gagnvart Sauðárkrókskaupstað hafi verið ákveðin á annan veg en þann, að þau féllu saman við landamerki Skarðs, þar eð sú jörð innan marka hreppsins ætti land að mörkum kaupstaðarins á þessu svæði. Er því ekki grundvöllur til að kveða á um hreppamörkin með öðrum hætti en þeim, að þau séu hin sömu og landamerki Skarðs verða ákveðin gagnvart Sauðárkrókskaupstað í þessu máli. Af hálfu hreppsins hafa ekki verið færð nein viðhlítandi rök fyrir því, að hreppamörkin verði dregin sunnar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verða landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar ákveðin bein lína úr punkti A' í farvegi Gönguskarðsár efst á eyrunum um punkt X, er telja verður, að sé sem næst þeim stað, þar sem árósin var samkvæmt loftmyndinni frá 1945. Eru þetta einnig mörk Skarðshrepps gagnvart Sauðárkrókskaupstað á þessu svæði. Lína þessi er mörkuð á uppdrautt Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings á dskj. nr. 80. Uppdrátturinn er hluti af dómi í máli þessu.

Samkvæmt framangreindum úrslitum verður varnaraðilja, Sauðárkrókskaupstað, gert að greiða sóknaraðilja nýkrónur 18.000.00 í málskostnað. Rétt þykir, að málskostnaður í meðalgöngusök falli niður.

Jóhann Salberg Guðmundsson bæjarfógeti og meðdómsmennirnir Guðmundur Jónsson borgardómari og Árni Jónasson erindreki kváðu upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Landamerki milli Skarðs og Sauðárkrókskaupstaðar á Gönguskarðsáreyrum skulu vera bein lína úr punkti A' um punkt X samkvæmt uppdrauttu Jónasar Snæbjörnssonar verkfræðings á dskj. nr. 80.

Skal lína þessi einnig vera mörk milli Skarðshrepps og Sauðárkrókskaupstaðar.

Varnaraðili, Sauðárkrókakaupstaður, greiði sóknaraðilja Ólafi Lárussyni nýkrónur 18.000.00 í málskostnað.

Málskostnaður í meðalg. ngusök milli sóknaraðilja, Skarðshrepps og varnaraðilja fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. mars 1983.

Nr. 34/1981. **Borgarstjórnin í Reykjavík**

f. h. borgarsjóðs

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

dánarbúi Valdimars Þórðarssonar og

Porkeli Valdimarssyni

og gagnsök

(Helgi V. Jónsson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1981. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 27. maí 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 19. maí 1981. Þeir krefjast þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim 25.388.340.00 krónur (nýkr.), til vara 15.914.